

Nemandi merktur með ‚Fullnægjandi bólusetningastöðu‘

Nemanda á að merkja ‚Fullnægjandi‘ í Ískrá **EF** hann hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur skv. [fyrirmælum Embætti landlæknis](#).

Þetta þýðir að nemandi í **1-6. bekk** þarf að hafa eftirfarandi bólusetningar til að teljast ‚Fullnægjandi‘:

- ÞRJÁ skammta af **Barnaveiki, Stífkrapma og Kikhósta** (einn af þessum skömmtum þarf að vera 4–5 ára og enginn undir 3ja mánaða.)
- ÞRJÁ skammta af **Mænusótt** (Ath. Ef barn fékk einungis 2 skammta þá þarf dTaP (Boostrix Polio/Repevax) 4-5 ára til að fá 3ja skammtinn af mænusótt)
- EINN skammt af **Mislingum, Hettusótt og Rauðum hundum**
- TVO skammta af **Meningókokkum** (Einn skammtur nægir EF barnið var orðið 12 mánaða þegar það fékk þann skammt).

Nemendur í **7.-8. Bekk** þurfa að hafa **aukalega** eftirfarandi til að teljast ‚Fullnægjandi‘:

- EINN skammt af **Mislingum, Hettusótt og Rauðum hundum** (samtals 2 skammta). Einn skammtur af MMR nægir EF nemandinn var orðinn 12 ára þegar hann fékk þann skammt.
- TVO skammta af **HPV** ([Gardasil 9](#)) - Bæði kyn í 7. og 8. bekk en eingöngu stelpur í 9.-10. bekk).

Nemendur í **9.-10. Bekk** þurfa síðan að hafa **aukalega** eftirfarandi til að teljast ‚Fullnægjandi‘:

- Einn skammt af **Barnaveiki, Stífkrapma, Kikhósta og Mænusótt** (Boostrix-Polio/Repevax)

Bólusetningar barna á Íslandi með sögu um ófullkomna bólusetningu

Leiðbeiningar við lestur töflunnar: Finnið neðst hversu margar bólusetningar viðkomandi hefur fengið áður. Fylgið litnum í réttan upphafsdálk. Ath.: Aldrei er þörf á að byrja bólusetningu upp á nýtt þó langt sé liðið frá síðustu sprautu. Innflytjendur sem ekki geta framvísað staðfestingu á bólusetningum ber að líta á sem óbólusetta. Öll neðangreind bóluæfni má gefa samtímis.

Aldur: 5 ára til og með 17 ára		Skammtar sem gefa á og stysti tími frá fyrri skammti			
Sjúkdómar sem bóluset er gegn:	Fyrsti skammtur	Annar skammtur	Þriðji skammtur	Fjórði skammtur	
Barnaveiki, stífkrapmi, kighósti	dTaP ¹	dTaP ¹ : eftir 4 vikur	dTaP ¹ : eftir 6 mán.	dTaP á 10 ára fresti ef hætta er á smiti	
Mænusótt	IPV ¹	IPV ¹ : eftir 4 vikur	IPV ¹ : eftir 6 mán.	IPV á 10 ára fresti ef hætta er á smiti	
Meningókokkar ACWY	mACWY				
Mislingar, hettusótt, rauðir hundar	MMR ²	MMR ²			
HPV	HPV ³	HPV ³			
Fjöldi fyrri skammta	Enginn				
	Einn				
	Tveir				
	Þrír				

1. Gefið í aðskildum sprautum (dTaP/IPV) eða saman í einni sprautu (DTaP-IPV).
2. Annar skammtur (endurbólusetning) gefinn 12 ára börnum. Einstaklingar 12 ára og eldri sem ekki hafa verið bólusettir áður þurfa einungis eina sprautu.
3. Gefið 12 ára, óháð kyni frá árgangi 2011. Tvær sprautur með a.m.k. 6 mánaða millibili. Til að fá öruggasta vörn þarf að gefa báðar sprauturnar innan árs.

Börn bólusett erlendis

Bólusetningar framkvæmdar erlendis skal [skrá í Sögu](#) í ónæmisaðgerðaeininguna. Skv. fyrirmælum EL telst barn óbólusett ef skrifleg staðfesting á bólusetningu liggur ekki fyrir. Þar af leiðandi má **ekki** skrá gamla bólusetningu ef ekki fæst fyrir henni skrifleg staðfesting.

Mat á upplýsingum frá forráðamönnum

Séu forráðamenn fullvissir að barn þeirra sé fullnægjandi bólusett en framvísa ekki ónæmisskírteini eða staðfestingu er hægt að skrá barnið með "Fullnægjandi" bólusetningu í Ískrá **EN** gera verður grein fyrir því í [samskiptum](#). Tilgreina þarf í lýsingu hvaða bólusetning er ekki skráð hérlandis í gagnagrunn. Einnig verður að gera forráðamönnum grein fyrir því að bólusetningin verði ekki skráð í bólusetningargrunn hér á landi. Alltaf ætti að bjóða forráðamönnum endurbólusetningu.

Dæmi um skráningu samskipta við mat frá forráðamönnum.

Tilfnisflokkur: Ónæmisaðgerðir

Hjúkr.viðfangsefni: Ófullnægjandi ónæmisaðgerð (er ófullnægjandi skv. bólusetn.grunni)

Hjúkr.meðferð: Samskipti við forráðamann

Lýsing: Vantar MMR bólusetningu í grunn. Móðir viss um að barn hafi fengið í Noregi en hefur ekki gögn því staðfestingar. Boðin ný bólusetning en afþakkar og er því upplýst um að bólusetningin sé ekki skráð í gagnagrunn hér á landi.

Samskipti

Samskipti

Tilfnisflokkur

SÁLRÆN OG FÉLAGSLEG LIÐAN	ÁVERKAR OG SLYS Á SKÓLATÍMA	LANGVINNUR HEILSUVANDI	LÍFSSTÍLSÞÆTTIR
LÍKAMLEGIR ÞÆTTIR	LÚS - NJÁLGUR - KLÁÐAMAUR	ÓNÆMISAÐGERÐIR	SKIMANIR OG MÆLINGAR

Nemandi: Guffi Guffason
Kennitala: 050616-guf0

Læknisfræðileg greining: Eftirfylgd Tilvísun til læknis Óklárúð

08.07.2024 Evða Prenta Yfirlit Loka glugga

Mælingar

Blóðþrýstingur: Hiti: Púls: Öndun:

Hjúkrunarviðfangsefni

- Aukaverkanir bólusetninga
- Hiti
- Ofnæmislost *
- Óþægindi
- Roði á stungustað
- Svimi
- Yfirlit
- Annað:
- Fyrirspurn
- Hræðsla við sprautur
- Hætta á ofnæmisviðbrögðum
- Ófullnægjandi ónæmisaðgerð *
- Upplýsingar frá forráðamanni *
- Annað:

Hjúkrunarmeðferð

- Samskipti við forráðamann
- Eftirfylgd
- Heimferð
- Hvatning
- Hvíld, umönnun og nærvera
- Höfnun vistuð í sjúkaskrá
- Mæling lífsmarka
- Ráðleggingar um meðferð og forvarnir
- Skráning
- Skyndihjálp
- Tilvísun á bráðamóttöku
- Tilvísun á heilsugæslustöð
- Tilvísun til læknis
- Tilkynning til Lyfjastofnunar

Lýsing/framvinda (tvísmella á gluggann til að skrá)

08.07.2024
SAMSKIPTI VIÐ FORRÁÐAMANN
Vantar MMR bólusetningu í grunn. Móðir viss um að barn hafi fengið í Noregi en hefur ekki gögn því staðfestingar. Boðin ný bólusetning en afþakkar og er því upplýst um að bólusetningin sé ekki skráð í gagnagrunn hér á landi.